

KONUNGLEG AUGLÝSING**104**

14. júní

um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vér erum á förum til útlanda, viljum Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hér með Vorum kærur og trúu þegnum, að hans konunglega tign krónprins Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þar til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amaliuborg, 14. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.